

Náttúruverndarstofnun

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Garðabær, 17. febrúar 2025
202501-0113/A.B.
08.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matsáætlun - Landeldi í Hvalfirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 21. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um ofangreinda matsáætlun fyrir landeldi í Hvalfirði.

Framkvæmdarlýsing

Í erindinu kemur fram að Aurora fiskeldi ehf. áformar að byggja landeldistöð fyrir lax á Grundartanga, Hvalfjarðarsveit. Fyrirhuguð framleiðsla er um 28.000 tonn á ári. Framkvæmdaraðili áformar að stöðin verði byggð upp í þremur áföngum en áætlað er að uppbygging hvers áfanga taki tvö ár. Lífmassi verður aukinn línulega á framkvæmdatímanum. Sjó verður dælt beint inn í stöðina úr Hvalfirði en áætluð vatnsþörf er um 27,0 m³ /sek og gert er ráð fyrir um 75% endurnýtingu á sjóvatni. Áætluð ferskvatnsþörf er um 7,2 l/s en gert er ráð fyrir 99% endurnýtingu á ferskvatnshluta framleiðslunnar.

Friðaðar plöntur

Náttúruverndarstofnun bendir skrásetja þarf þær plöntur sem eru friðaðar samkvæmt auglýsingu nr. 1385/2021¹ um friðun æðplantna, mosa og fléttna. Í 57. gr. náttúruverndarlaga er fjallað um réttaráhrif friðunar. Þar kemur meðal annars fram að öllum er skylt að sýna sérstaka aðgæslu og forðast að raska svæðum þar sem friðað vistkerfi eða friðaða vistgerð er að finna, skaða friðaðar tegundir eða raska búsvæðum þeirra. Markmið friðunarinnar er að vernda og viðhalda fágætum æðplöntum, mosum og fléttum og náttúrulegu gróðurfari og varðveita líffræðilega fjölbreytni í náttúru landsins. Forsendur fyrir friðun æðplantna, eru hversu sjaldgæfar þær eru, takmörkuð útbreiðsla þeirra, fáir vaxtarstaðir, mikilvægi þeirra fyrir líffræðilega fjölbreytni landsins og staða þeirra á valista íslenskra planta.

¹ <https://ust.is/library/sida/Nattura/Pl%c3%b6ntufri%c3%b0un.pdf>

Vistgerðir og mikilvægt fuglasvæði

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar (<http://vistgerdakort.ni.is/>) geta verið innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðirnar starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Náttúruverndarstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands. Auk þess bendir Náttúruverndarstofnun á að talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings. Ekki er vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gæti þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.²

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdarsvæðið og jaðarsvæði þess sé kortlagt, fjallað sé um hversu mikið af búsvæðum muni tapast og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna. Einnig þarf að mati stofnunarinnar að athuga hvort að framkvæmdin fæli fugla frá svæðinu og valdi hindrunum á farleiðum.

Í skýrslu NÍ frá árinu 2012 er nefnist „*Vöktun íslenskra fuglastofna - Forgangsröðun tegunda og tillögur að vöktun*“ eftir Guðmund A. Guðmundsson og Kristín Hauk Skarphéðinsson segir m.a. að talað er um ábyrgðartegundir einstakra landa ef stór hluti einhvers dýrastofns byggir afkomu sína á tilteknum svæðum innan einstakra þjóðríkja. Einnig segir í skýrslunni að Íslendingar beri mikla ábyrgð á mörgum stofnum fugla, sem annaðhvort verpa hér í óvenju ríkum mæli eða þá að stór hluti viðkomandi stofns fer hér um á ferðum sínum vor og haust. Á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar segir að miðað sé við að ef um 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum kallist hún ábyrgðartegund.

Náttúruverndarstofnun bendir á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

² [Mófuglar | moi.hi.is](http://mofuglar.moi.hi.is)

Náttúruverndarstofnun

Líffræðilegur fjölbreytileiki

Líffræðileg fjölbreytni nær yfir allar tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera og þann breytileika sem er milli einstaklinga sömu tegundar og erfðaefnis þeirra. Líffræðileg fjölbreytni fjallar einnig um búsvæði allra lifandi lífvera og þau vistkerfi og vistgerðir sem þær mynda og sjálfbæra nýtingu lifandi náttúru.³

Um allan heim hnignar fjölbreytileika lífríkisins því miður stöðugt og hratt. Megin orsakir eru umsvif mannsins, þar sem á sér stað yfirtaka búsvæða, mengun, útbreiðsla ágengra tegunda, ofnýting náttúrunnar, loftslagsbreytingar, fjölgun mannkyns og aðrar mannlegar athafnir.⁴⁵

Tjarnir og votlendi

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan svæðisins er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skv. kortasjá Náttúrufræðistofnunar.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruframbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að votlendi og tjarnir séu kortlögð, fjallað sé um votlendið í matinu og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Framkvæmdarleyfi

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og

³ <https://ust.is/Náttúruverndarstofnun/frettir/stok-frett/2022/12/12/Radstefna-adildarrikja-Sameinudu-thjodanna-um-liffraedilega-fjolbreytni-i-Montreal-i-Kanada/>

⁴ <https://www.ni.is/is/frettir/2022/05/liffraedileg-fjolbreytni-til-framtidar>

⁵ <https://ust.is/Náttúruverndarstofnun/frettir/stok-frett/2023/11/13/Liffraedilegum-fjolbreytileika-hrakar-i-Nordastur-Atlantshafi/>

Náttúruverndarstofnun

ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Náttúruminjaskrá

Náttúruverndarstofnun bendir á að eins og kemur fram í greinargerð að framkvæmdin nær til svæðis sem er á náttúruminjaskrár, nr. 235 og nefnist það Hvalfjarðarströnd,. Því er lýst sem „fögur strandlengja með fjölbreyttu landslagi og ríku fuglalífi.“

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að svæði á náttúruminjaskrá sé sér umhverfisþáttur í umhverfismati og að framkvæmdin hafi ekki neikvæði áhrif á svæðið og rýri verndargildi þess. Því þarf m.a. fjalla ýtarlega um fráveitulagnir og frágang þeirra og áhrif þeirra á ströndina.

Náttúruverndarstofnun vill vekja athygli á að svæðið sem hér um ræðir er ekki á c-hluta heldur fellur það undir aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá.

Í 2. tl. laga til bráðabirgða við náttúruverndarlög er mælt fyrir um að þar til ráðherra gefur út náttúruminjaskrá skv. 33. gr. skal gildandi náttúruminjaskrá halda gildi sínu en um minjar á skránni, aðrar en þær sem eru friðlýstar skal fara samkvæmt ákvæðum 67. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, þar til endurmat verndargildis þeirra minja hefur verið lokið. Þetta þýðir að eldri náttúruminjaskrá heldur gildi sínu en að réttaráhrif 37. gr. núgildandi náttúruverndarlaga gilda ekki.

Fráveita og úrgangur

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um hvaða þættir fráveitu geta haft áhrif á lífríki og hver áhrif fráveitu verða. Sömuleiðis er mikilvægt að fjallað sé um úrgangsmeðhöndlun (fiskimýkju/seyru/fastefnis). Ef gert er ráð fyrir því að dreifa úrganginum sem áburði er mikilvægt að það komi fram hvar það verði gert og hvaða umhverfisáhrif sú dreifing kunni að hafa.

Þar sem fyrirhuguð framkvæmd er innan mikilvægs fuglasvæðis og við kjörvistgerðir fyrir fugla sem eru ábyrgðartegundir Íslands og hefur fækkað mikið á síðustu árum er mikilvægt að hvorki fráveita né úrgangsmeðhöndlun geti laðað að hræ- eða alætur líkt og máfugla sem hafa mikil áhrif á varp, fæðukeðju og vistkerfi í heild.

Valkostir

Þar sem framkvæmdin getur valdið álagi, raski og neikvæðum umhverfisáhrifum á votlendi, fuglalíf, vistgerðir með hátt verndargildi, svæði á náttúruminjaskrá og mikilvægt fuglasvæði er mikilvægt að mati stofnunarinnar að skoðaðir séu fleiri valkostir m.t.t. ofangreindra forsenda.

Náttúruverndarstofnun

Samlegðaráhrif

Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um þau samlegðaráhrif sem geta orðið vegna annarrar uppbyggingar og starfsemi í nágrenni fyrirhugaðrar framkvæmdar. Á það bæði við á rekstrar og framkvæmdatíma.

Náttúruverndarstofnun telur að fjalla hefði átt mun nánar um þá þætti sem undir þennan lið falla í matsáætlun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson

sérfræðingur